

Viðauki

Við ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 11/2009

Fyrirmæli um breytingar

Póst- og fjarskiptastofnun mælir fyrir um eftirfarandi breytingar á viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta, útg. 3.5., sem tekur gildi frá og með 1. júní 2009. Að öðru leyti skal umrætt viðmiðunartilboð og viðaukar þess vera óbreyttir.

Ákvæði 1.4. orðist svo:

„Nýtt viðmiðunartilboð skal birt til kynningar og sent Póst- og fjarskiptastofnun að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku þess. Að þeim tíma liðnum tekur viðmiðunartilboðið gildi sem samtengingarsamningur milli Símans og viðsemjanda hans.

Geti viðsemjandi Símans ekki felld sig við alla þætti nýs viðmiðunartilboðs tekur viðmiðunartilboðið aðeins gildi sem samningur varðandi þá þætti sem enginn ágreiningur stendur um. Getur hvor aðili um sig skotið ágreiningi um efni viðmiðunartilboðs/samnings til úrlausnar Póst- og fjarskiptastofnunar. Síminn birtir „Viðmiðunartilboð um samtengingu talsímaneta“ á vef sínum.“

Ákvæði 4.1.2 Tengingargjöld, 4.1.2. Leigulínur og 4.1.4. Kostnaðardeiling orðast svo:

4.1.2 Tengingargjöld

„Viðsemjandi greiðir stofngjöld og mánaðarleg rekstrargjöld fyrir aðgang að samtengingarsvæði og fyrir tengingar á samböndum. Verð er tilgreint í viðauka 1a.

4.1.3. Leigulínur

Kostnaði við leigulínur milli samtengingarpunkta samningsaðila, er skipt milli þeirra, skv. gr. 4.1.4.

4.1.4. Kostnaðardeiling

Síminn tekur þátt í kostnaði vegna samtengingar þ.e. vegna tenginga á straumi og kostnaði vegna leigulína ef eftirfarandi skilyrði er uppfyllt:

Heildarumferð sem kemur frá viðskiptavinum Símans og lýkur í neti viðsemjanda er meiri en 270.000 mínútur á hverju uppgjörstímabili/mánuði. Heildarmagn mínútna er reiknað sem umferð frá fastaneti/farsímaneti Símans og endar í fjarskiptaneti viðsemjanda.

Uppgjör skal byggja á skýrslum um samtengingarumferð, sbr. greinar 5.1.4. og 5.1.5.“

Ákvæði 4.2.3. Verðbreytingar orðast svo:

„Hvor aðili um sig getur gert verðbreytingar á samtengingarþjónustu og annarri þjónustu skv. samningnum til hækkunar og lækkunar með a.m.k. 60 daga skriflegum fyrirvara. Undir slíkar breytingar flokkast þó eingöngu breytingar á umsömdum gjaldaliðum sem verið hafa í gildi og tilgreind í verðskrá hlutaðeigandi samningsaðila. Um nýja gjaldaliði eða aðrar efnisbreytingar skal fara skv. ákvæðum í gr. 1.4.“